

- 171 Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-
7. des. ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946,
um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. desember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

- 172
8. des.

REGLUGERÐ

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins
Léttfeti á Sauðárkróki.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmála-
stofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úr-
slitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest,
sem vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til að koma upp
skeiðvelli í landi Sauðárkrókskaupstaðar, til viðhalds hans og til reiðvega í
Skagafjarðarsýslu. Má tillag til reiðvegarins aldrei nema minna en 10% af
hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinn-
ingar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða
fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt happdrættis-
reglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðféð að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt að innskot
fáiast að fullu aftur.

8. gr.

Þeir sem veðja eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurð-
um dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik
o. s. frv.

9. gr.

172

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum. 8. des.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1949 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. desember 1948.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 9. desember 1948. 173 9. des.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar Þorvaldsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með fé, sem gefið var til minningar um hina látnu, við andlát hennar 5. nóvember 1947 og jarðarför. Stofnfé sjóðsins er 2700 — tvö þúsund og sjö hundruð — krónur.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð af kvenfélaginu Ársól á Suðureyri. Skal stjórnin úrskurða öll þau málefni, er sjóðinn varða, þar á meðal, hverjum veitt skuli verðlaun úr honum, með eða án umsókna, og ákveða verðlaun hverju sinni.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheitum, sem og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans.

5. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins skal vera að veita verðlaun fyrir vandaða handavinnu, einkum tóvinnu og aðallega á vegum kvenfélagsins, á sýningum eða við önnur tækifæri.